

Forseti Íslands, forsætisráðherra, menningar- og viðskiptaráðherra, góðir gestir.

Þessi dagur markar tímamót. Við kveðjum langan og strangan vetur og tökum um leið við fallegri og langbráðri sumargjöf – nýju og glæsilegu húsi sem tileinkað er íslenskri tungu.

Með þessu nýja húsi eignast Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslensk fræði við Háskóla Íslands verðugan samastað og frábæra aðstöðu til að sinna öflun, varðveislu og miðlun þekkingar á íslenskri tungu. Um leið má segja að með húsinu og þeirri starfsemi sem þar mun fara fram sé orðinn að veruleika draumurinn um *háborg íslenskrar menningar* sem Guðjón Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins, setti fram í heildarskipulagi Reykjavíkur fyrir meira en 100 árum. Þótt þessi draumur hafi ekki raungerst á Skólavörðuholtinu, eins og hugur Guðjóns stóð til, hefur hugsjónin um *Háborgina* sannarlega orðið að veruleika hér á háskólasvæðinu á Melunum því hér eru nú saman komnar á einum stað nokkrar af helstu menningarstofnunum þjóðarinnar, Háskóli Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðarbókhlaðan og nú einnig hús íslenskunnar sem í dag hefur hlotið heitið „Edda“.

Óhætt er að segja að uppbygging háskólasvæðisins hafi verið ævintýri líkust og á síðustu árum hefur *háborgin* enn eflst með tilkomu fleiri bygginga utan um fjölbreytta þekkingarstarfsemi. Má í því sambandi nefna Háskólatorg, félagslegt hjarta svæðisins, Veröld – hús Vigdísar, aðsetur erlendra tungumála og menningar, og hugmyndahúsið Grósku í Vatnsmýrinni. Þá eignaðist Háskóli Íslands fyrir skömmu Sögu, sem stendur hér við hliðina og mun á næstunni fyllast af iðandi mannlífi.

Áhrif Eddu á starfsemi Háskóla Íslands og áhrif Háskólans á Eddu munu ótvírætt verða margvísleg og jákvæð. Ég er ekki í nokkrum vafa um að nábylið við Stofnun Árna Magnússonar geymir óþrjótandi tækifæri og mun leysa úr læðingi kraftmikil samlegðaráhrif og þannig stórefla íslenskt menningar- og atvinnulíf.

Húsið þjónar ekki aðeins varðveislu íslenskrar tungu og einstæðs handritaarfs okkar, heldur mun það gera okkur kleift að sækja fram og efla íslenskuna í hnattvæddum heimi. Íslenska og íslensk fræði hafa verið í mikilli sókn á alþjóðlegum vettvangi á síðustu árum, hvort sem litið er til rannsókna eða kennslu. Íslensk-norræn miðaldafræði eru kennd í háskólum víða um heim og hér á landi er ótvíræð miðstöð þessara fræða. Þá er vert að geta þess að íslenska sem annað mál er hvorki meira né minna en fjölmennasta námsleið Háskóla Íslands. Loks verður nýja húsið vettvangur margvíslegrar nýsköpun á íslenskri tungu og má í því sambandi nefna nám í skapandi ritlist. Allt eru þetta tímanna tákn og nú fá þau umgjörð við hæfi með hinu nýja og glæsilega húsi Eddu. Til hamingju öll!